


Umhverfisstofnun

Grænt bókhald vegna ársins 2014

Fyrirtæki: Dýrfiskur hf

30.apr.15
Dagsetning


f.h. Dýrfisks hf


Sigurður G. Magnússon fjármálastjóri

Grænt bókhald fyrir árið:

2014

1. Almennt um starfsemina

	Texti
1.1. Nafn fyrirtækis og kennitala	Dýrfiskur hf, kt. 700807-0450
1.2. Heimilis- og póstfang höfuðstöðva	Hafnarbaki 8, 425 Flateyri
1.3. Heimilis- og póstfang annarra starfsstöðva	Dýrafjörður (sjókvíaelði)
1.4. GPS hnit allra starfsstöðva	Sjá viðauka 1 og 2 í starfsleyfi
1.5. Nafn forstjóra/ábyrgðaraðila	Sigurður Pétursson
1.6. Nöfn stöðvarsjóra eða tengiliða	Arnar Freyr Jónsson
1.7. Nöfn aðila í stjórn fyrirtækisins	Jerzy Malek, Jaroslaw Nowakowski, Jadwiga Kasprzak
1.8. Fyrirtækjaflokkur	6.10
1.9. Er starfsemin með gilt starfsleyfi?	Já
1.10. Gildistími starfsleyfisins, frá og til	13.02.2013 - 28.02.2029
1.11. Nafn útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila	Umhverfisstofnun
1.12. Tímabil græns bókhalds	2014
1.13. Greinargerð fyrirtækis (vísa má í viðhengi)	Rekstur eldissstöðva Dýrfisks hf var með eðlilegum hætti bókhaldsárið 2014
1.14. Yfirlýsing stjórnar	Stjórn Dýrfisks hf lýsir því hér með yfir að þær upplýsingar og tölur sem birtar eru í þessari skýrslu eru réttar og unnar skv bestu vitund starfsmanna upp úr gögnum félagsins (undirrituð yfirlýsing stjórnar á ensku í viðhengi). f.h. Stjórnar Dýrfisks hf  Sigurður G. Magnússon
1.15. Undirskrift endurskoðanda	Sjá viðhengi "Áritun endurskoðanda"

2. Hráefnis og auðlindanotkun

	Hvar í fyrirtækinu?	Magn	Magn	Eining
2.1. Fjöldi starfsmanna (valfrjálst)				
2.2. Fjöldi starfssvæða/starfsstöðva (valfrjálst)				
2.3. Stærð starfssvæða (valfrjálst)				
2.4. Raforkunotkun	Dýraffjörður	64.579		kWh
2.5. Olíunotkun	Dýraffjörður	30.042		lítrar
2.6. Gasnotkun				
2.7. Notkun jarðhitavats og jarðgufu				
2.8. Notkun á köldu vatni				
2.9. Notkun á sjó				
2.10. Heildaráræfnisnotkun				
2.11. Notkun á innfluttu hráefni				
2.12. Notkun eiturefna & hættulegra efna	Nei			
2.13. Notkun umbúða og þökkunarefnis	Plastumbúðir v/fóðurs (687.551 kg fóðurs í 600kg sekkjum = 1.146 sekkir. Umbúðir = 2,24kg pr sekk)	2.521		kg
2.14. Fjöldi farartækja og vinnuvéla	2 lyftarar og 2 bátar			
2.15. Önnur hráefnis eða orkunotkun				

3. Áhrifapættir og losun

Losun efna og meðhöndlun úrgangs	Efnisheiti eða lýsing	Magn (bókhaldsár)	Magn (meðalár)	Eining per tonn
3.1. Losun efna í andrúmsloft	Útblástur bíla og vinnuvéla			
3.2. Losun efna í yfirborðsvatn/grunnvatn/sjó	Fosfór (P) í fóðri	6.142 kg		(útsreymisbókh.)
	Köfnunarefni (N) í fóðri	40.572 kg		(útsreymisbókh.)
3.3. Losun efna í holrásakerfi sveitarfélags	Nei			
3.4. Magn úrgangs til förgunar	Afföll	309.322		kg

Almennt

3.5. Magn úrgangs til endurvinnslu	affallsólia	óverulegt	
3.6. Magn spilliefna til förgunar			
3.7. Magn mengandi efna í framleiðsluvörum			

Helstu áhrifabættir í umhverfismálum	Heiti eða lýsing	Aldur (fyrsta notkunarár)	Ástand
3.8. Fráveitukerfi eða skólprör (þar sem við á)			
3.9. Hreinsun fastefna úr fráveitu (þar sem við á)			
3.10. Fituskiljur (þar sem við á)			
3.11. Olluskiljur (þar sem við á)			
3.12. Rotbrær (þar sem við á)			
3.13. Ollu/bensinafgreiðslubúnaður (þar sem við á)			
3.14. Ollugeymar (þar sem við á)			
3.15. Varaafsstöð (þar sem við á)			
3.16. Kælikerfi - slökkvikerfi (þar sem við á)			
3.17. Loftreinsibúnaður (þar sem við á)			
3.18. Lyktareyðingarbúnaður (þar sem við á)			
3.19. Varnir gegn hávaða (þar sem við á)			
3.20. Annar búnaður er snertir mengunarvarnir			

4. Umhverfismál (valfrjálssar upplýsingar nema að ákvæði í starfsleyfi segi til um annað)

4.1. Er fyrirtækið með viðurkennt eða vottað umhverfisstjórnarkerfi?

Svar:

Nei

4.2. Er fyrirtækið með skriflega umhverfisstefnu?

Svar:

Sjá viðhengi "umhverfismarkmið", tekið úr Gæðahandbók félagsins

4.3. Hefur fyrirtækið sett sér skrifleg markmið í umhverfismálum?

Almennt

Svar:

Sjá viðhengi "umhverfismarkmið", tekið úr Gæðahandbók félagsins

4.4. Hefur fyrirtækið sett sér skrifleg markmið er varða auðlinda- og hráefnisnotkun?

Svar:

Sjá viðhengi "umhverfismarkmið", tekið úr Gæðahandbók félagsins

Almennt

4.5. Er til skrifleg áætlun um að draga markvisst úr myndun úrgangs?

Svar:

Nei

4.6. Er markvisst reynt að koma úrgangi í endurnotkun, endurvinnslu eða endurnýtingu?

Svar:

Nei, en stefnt er að því að bæta úr.

4.7. Hafa starfsmenn fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem unnið er með?

Svar:

Já

4.8. Hafa starfsmenn kynnt sér bestu fáanlegu tækni fyrir starfseminna?

Svar:

Já

4.9. Voru tekin sýni til greininga á mengunarefnum á árinu? (mæliniðurstöður sem ekki er ákvæði um í starfsleyfi eru valfrjáls)

Svar:

Ekki voru tekin sýni.

4.10. Hafa komið í ljós óæskileg mengunaráhrif vegna stöðvarinnar?

Svar:

Nei

4.11. Hafa orðið mengunaráhrif hjá fyrirtækinu á bókhaldsárinu?

Svar:

Nei

4.12. Er til viðbragðsáætlun vegna mengunaráhrifa hjá fyrirtækinu?

Svar:

Í viðhengjum er að finna "neyðaráætlun vegna hættulegra efna", "neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar",

viðbragðsáætlun vegna tjóns á búnaði og "tryggingarskírteini mengun hafs og stranda"

4.13. Hefur fyrirtækið tekið þátt í öðrum umhverfisverkefnum sem ástæða þykir til að nefna?

Svar:

Nei

4.14. Hefur fyrirtækið sótt um undanþágu frá færslu græns bókhalds?

Svar:

Nei

5. Önnur atriði (valfrjálssar upplýsingar nema að ákvæði í starfsleyfi segi til um annað)

5.1. Aðkoma starfsmanna að vinnunni við grænt bókhald

Upplýsingagjöf

5.2. Vinnuumhverfi og öryggismál starfsmanna

5.3. Er notast við hreina framleiðslutækni eða bestu fánlegu tækni í starfseminni

Já. Einnig er hluti framleiðslunnar lífrænt vottaður.

5.4. Notkun skaðlausra og umhverfisvænna stöðfna í framleiðsluvörðunni

5.5. Niðurstöður vistferilsgreininga á framleiðsluvörðum

5.6. Fjárhagslegir þættir svo sem sparnaður og fjárfestingar

5.7. Áhættumat

Já

5.8. Jarðvegsmengun frá því áður en núverandi rekstraraðili tók við starfseminni


Almennt

5.9. Kvartanir yfir lykt og hávaða frá starfsemiinni

Nei

5.10. Næringarefnaofaugun og súrefnisþurrð vegna fráveitu frá starfsemiinni

5.11. Minnkun á líffræðilegum fjölbreytileika tegunda sem umhverfiráhrif frá starfsemiinni



Environmental accounts of Dýrfiskur hf 2014


The Board of Directors of Dýrfiskur hf hereby confirms that the information and data put forward in the Environmental Accounts of 2014 are correct. The Environmental Accounts are compiled in good faith by employees of the company from company files and data and subsequently reviewed and audited by KPMG.

So confirmed 30. April 2015




Jerzy Ryszard Malek, Chairman

Jadwiga Grazyna Kasprzak, Director



Jaroslaw Stanislaw Nowakowski, Director




Environmental accounts of Dýrfiskur hf 2014

The Board of Directors of Dýrfiskur hf hereby confirms that the information and data put forward in the Environmental Accounts of 2014 are correct. The Environmental Accounts are compiled in good faith by employees of the company from company files and data and subsequently reviewed and audited by KPMG.


So confirmed 30. April 2015

Jerzy Ryszard Malek, Chairman



Jadwiga Grazyna Kasprzak, Director

Jaroslaw Stanislaw Nowakowski, Director



Dýrfiskur hf.
Hafnarbakka 8
425 Flateyri

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað skýrslu Dýrfisks hf. um grænt bókhald fyrir árið 2014. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla félagsins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:

- að kanna hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu reiknaðar með áreiðanlegum hætti og settar fram í samræmi við þær aðferðir sem stjórnendur félagsins hafa skilgreint.
- hvort upplýsingarnar séu í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spurningar til starfsmanna félagsins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á því hvort framkvæmd mælinga og útreikninga sé í samræmi við þær lýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Dýrfisks hf. um grænt bókhald á árinu 2014 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.


Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á lið 4.9 í skýrslu um grænt bókhald þar sem greint er frá því að ekki hafi verið gerðar mælingar á strandsjó skv. lið 2.2. í vöktunaráætlun.

Reykjavík, 30. apríl 2015

KPMG ehf.

Hilga Haustadóttir



Viðmiðunarár	2014				
Upplýsingar um rekstraeininguna					
Heiti móðurfélags	Dýrfiskur hf				
heiti rekstraeiningar	Dýrafjörður, sjókvíar				
Kennitala rekstraeiningar	700807-0450				
heimilisfang	Hafnarbakki 8				
Bær/staður	Flateyri				
Póstnúmer	425				
Land					
Staðsetningarhnit	1) 65°53,460'N-23°37,710'V - 2) 65°53,700'N-23°37,510'V 3) 65°52,990'N-23°32,050'V - 4) 65°52,620'N-23°33,700'V				
Kóði atvinnugreinaflokunar					
Evrópubandalaganna (4 tölustafir)	0321				
Mikilvægasta atvinnustarfsemin, skv. kóða atvinnugreinaflokunar					
Valkvæðar upplýsingar					
Framleiðslumagn	376.357 kg				
Fjöldi stöðva					
Fjöldi klukkustunda á ári í rekstri					
Fjöldi starfsmanna					
Reitur fyrir textaupplýsingar eða veffang sem vísar á umhverfis- upplýsingar sem rekstraeining eða móðurfélag vill koma á framfæri					
Öll starfsemi rekstraeiningarinnar samkvæmt I. viðauka (samkvæmt skráningarkerfinu í I. viðauka og IPPC-kóðanum, liggi slíkt fyrir)					
Númer starfsemi	E-PRTR kóði	IPPC kóði			
7b					
Upplýsingar um losun rekstraeiningarinnar í andrúmsloft fyrir hvert mengunarefni sem fer yfir viðmiðunargildi (samkvæmt II. viðauka)					
Mengunarefni skv. II viðauka		Aðferð		Losun í andrúmsloft	
nr.	nafn	M/C/E	Aðferðarfræði	Heildar [kg/ár]	Óhapp [kg/ár]
Upplýsingar um losun rekstraeiningarinnar í vatn (sjó) fyrir hvert mengunarefni sem fer yfir viðmiðunargildi (samkvæmt II. viðauka)					
Mengunarefni skv. II viðauka		Aðferð		Losun í vatn	
nr.	nafn	M/C/E	Aðferðarfræði	Heildar [kg/ár]	Óhapp [kg/ár]
12b	Heildar N	C	5,9% af fiskafóðri	40.572	
13b	Heildar P	C	0,89% af fiskafóðri	6.142	
Upplýsingar um losun rekstraeiningarinnar í land fyrir hvert mengunarefni sem fer yfir viðmiðunargildi (samkvæmt II. viðauka)					
Mengunarefni skv. II viðauka		Aðferð		Losun í land	
nr.	nafn	M/C/E	Aðferðarfræði	Heildar [kg/ár]	Óhapp [kg/ár]

Flutningur hvers mengunarefnis af staðnum, sem ætlað er til skólphreinsunar, í magni sem er umfram viðmiðunargildi (samkvæmt II. viðauka)

Mengunarefni skv. II viðauka		Aðferð		Losun í aðskilda fráveitu	
nr.	nafn	M/C/E	Aðferðarfræði	Heildar [kg/ár]	Óhapp [kg/ár]

Flutningur hættulegs úrgangs, sem fer yfir viðmiðunargildi (skv. 5. gr.), frá rekstrareiningunni

Innanlands					
Magn [t/ár]	D/R	(M/C/E)	Aðferðarfræði		
Til annara landa					
Magn [t/ár]	D/R	(M/C/E)	Aðferðarfræði	Heiti og heimilisfang endurnýtis/fargara	Heimilisfang viðtökustöðvar

Flutningur hættulauss úrgangs, sem fer yfir viðmiðunargildi (skv. 5. gr.), frá rekstrareiningunni

Magn [t/ár]	D/R	(M/C/E)	Aðferðarfræði		

Lögbært yfirvald sem almenningur getur snúið sér til:


Heiti Umhverfisstofnun
 Heimilisfang Suðurlandsbraut 24
 Bær/staður Reykjavík
 Símanúmer 5912000
 Bréfasímanúmer 5912020
 Tölvupóstfang ust@ust.is

Production Report

Summary	Number	Mean w (g)	Biom (kg)	% of stocked no	% of gross growth
+ Balance at start date	666.016	1.280,69	852.959,0		
+ Stocked during period	495.157	251,90	124.728,4		
- Harvest during period	136.636	3.235,58	442.096,7		
- Transfer Out					
- Morts/Losses/QSamples/Culls during period	326.083	948,60	309.321,6	28,08	82,19
- Balance at end date	674.771	893,08	602.626,5		
= Missing	23.683			2,04	


Temperature

	Celsius
Min	0,3
Avg	5,5
Max	10,8



Production

	Net	Gross
Growth (kg)	67.035,9	376.357,5
Total Feedconsumpt. (kg)	122.465,0	687.551,0
FCR (kg/kg)	1,83	10,26



Corrected Growth Analysis

	Start	End	Difference
Days	29.1.2014	30.10.2014	275
Mean weights (g)	841,98	1.287,55	445,56
SGR (%)	0,15	SFR (%) 0,28	FCR (kg/kg)
KFCR	0,79	TGC 0,87	Avg. Temp. (°C) 6,0

Used Feed types



	First Used	Quantity (kg)	Ratio (%)	Asta (mg/kg)		Canta (mg/kg)	
				Gross	Net	Gross	Net
ECO 4,0 mm	2.1.2014	128536	18,69	0	0	0	0
ECO 6,0 mm	2.1.2014	100122	14,56	0	0	0	0
ECO 9,0 mm	2.1.2014	427969	62,25	0	0	0	0
Em. Trout NL 45 4,5	3.4.2014	30924	4,5	0	0	0	0
		687551	100	0	0	0	0

Balance at start

Unit	Number	Mean w (g)	Biom (kg)
H03	48811	2940	143504,3
H02	48236	2722	131298,4
H11	33174	1217,05	40374,5
H12	41064	1176,82	48325,1
H09	32421	1211	39261,9
H10	41348	996,54	41204,8
Ö01	7089	2274,89	16126,7
H01	38209	2800	106985,2
H13	37342	689,81	25758,7
H04	39937	3127,51	124903,2
H05	29685	2799	83088,3
G01	268700	194	52127,8
G03	0	0	0
G02	0	0	0
G04	0	0	0
G04	666016	1280,688301	852958,9

Balance at end

Unit	Number	Mean w (g)	Biom (kg)
H03	20831	3303,36	68812,2
H02	0	0	0
H11	0	0	0
H12	0	0	0
H09	0	0	0
H10	0	0	0
Ö01	35187	484,37	17043,6
H01	0	0	0
H13	0	0	0
H04	50606	2412,02	122062,5
H05	0	0	0
G01	158257	377,17	59689,8
G03	204003	438,26	89407
G02	78461	1511,86	118622
G04	127426	996,57	126989,4
G04	674771	893,0829866	602626,5




Úr Gæðahandbók:

Umhverfismarkmið Dýrfisks hf.

Umhverfismarkmið stöðvarinnar er að valda umhverfinu sem allra minnstum umhverfisspjöllum og mengun. Markmiðið er að vera ávalt innan þeirra viðmiðunarmarka sem stöðinni eru sett í umhverfismálum jafnframt því að tekið sé tillit til viðkvæmrar náttúru í umhverfi Dýrfisks hf. Dýrfiskur hf. starfar samkvæmt kröfum Tún ehf um lífræna framleiðslu og notar engin lyf eða önnur efni sem teljast óumhverfisvæn í eldinu.

Dýrfiskur hf. einsetur sér að ganga vel um náttúruauðlindir jarðarinnar og haga rekstri sínum svo að sem minnst röskun verði á náttúru og lífríki, með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið frá starfsemi fyrirtækisins.

Dýrfiskur hf. fylgir þeim lögum og reglugerðum er lúta að umhverfismálum hér á landi.



EFTIRLITSSKÝRSLA

Dýrfiskur hf. Dýrafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	16.7.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Dýrfiskur hf.	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarbakka 8, 425 Flateyri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Arnar Freyr Jónsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Brynjar Gunnarsson	Staðsetning	65°53,460'N 23°37,710'W

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit annars vegar hvað varðar mælingar skv. gr 5.1 í starfsleyfi og hins vegar skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skv. gr. 3.3 í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð vegna mælinga skv. vötkunarátætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Fiskur er í fimm, 90m kvíum í Haukadalsbót, tvær kynslóðir og verður slátrað þar í haust. Ein kynslóð er í Gemlufalli, tvær, 160m kvíar og koma inn fleiri seiði þar á næstu vikum. Starfsleyfið gildir ekki fyrir Gemlufall en fyrirhugað er að sækja um stærra leyfi á svæðinu sem myndi ná yfir bæði Gemlufall og Haukadalsbót.

Rekstraraðili hefur sótt um fleiri leyfi í Önundarfirði, Ísafirði og stækkun í Dýrafirði. Einnig hefur verið sótt um leyfi í Patreksfirði og Tálknfirði og er unnið með Fjarðarlax að umhverfismati á þeim svæðum. Umhverfismat stendur yfir í Arnarfirði og verður einnig sótt um leyfir þar.

Farið var yfir gr. 4.3 í starfsleyfi og bent á möguleikann á umsókn um fækkun eftirlitsferða sé fyrirtækið með staðlað innra eftirlit eða hefur verið frávikalaust í fjögur ár samfleytt. Einnig var farið yfir hvatningarkerfi stofnunarinnar og birtingu vottana á fyrirtækjasiðu rekstraraðila á www.ust.is, sem og viðurkenningu fyrir frávikalaus ár.

Rekstraraðili er með vottun frá Tún og hefur hafið innleiðingu ASC (Aquaculture Stewardship Council) staðalsins. Rekstraraðili hefur gert samning við IMO (International Maritime Organization) um úttekt fyrir ASC vottunina.

Frávik frá

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Lýsing á frávikum

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og útstreymisbókhald. Skiladagur er 1. maí ár hvert. Bókhöldunum hafði ekki verið skilað en eftirlit fór fram en rekstraraðili hafði óskað eftir frest til skilanna.

Gr. 1.2 í starfsleyfi og viðaukum 1 og 2 í Kvíar eru staðsettar á Gemlufalli en starfsleyfið gildir ekki fyrir það svæði. Rekstraraðili hyggst sækja um stærra leyfi á svæðinu.

ATHUGASEMDIR

Rekstraraðili hefur ekki gert mælingar á strandsjó skv. lið 2.2 í vötkunarátætlun, en þær ber að gera á 3ja ára fresti. Rekstraraðili gerir ráð fyrir að gera mælingarnar nú í sumar og skv. vötkunarátætlun sér Náttúrustofa Vestfjarða um sýnatökuna og greiningu sýna. Niðurstöður verða síðan sendar eftirlitsaðila. Botnsýnagreining var gerð af NAVE árið 2012 á svæðinu og verða þær niðurstöður notaðar fyrir þann hluta vöktunarinnar.

ANNAÐ


Sýni til greiningar á kopar skv. gr. 5.1 í starfsleyfi hefur verið tekið og sent til Náttúrustofu Vestfjarða. Niðurstöður þeirrar mælingar hafa ekki borist eftirlitsaðila.

Rekstraraðili notar ekki litaðar kvíar í dag. Þvottavél er notuð til að hreinsa kvíarnar og reynist hún vel.

Fóðrað er úr bát og hefur ekki verið byggð upp aðstaða á landi, í nágrenni kvíanna vegna daglegar umhirðu.

Dauðfiskaháfur er í minni kvíunum en lyfta í stærri kvíunum. Allur dauðfiskur er sóttur af Gámaþjónustu Vestfjarða.

Reykjavík, 14.08.2014



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Viðbragðsáætlun fyrir fiskeldi í sjókvíum

Í sjókvíaeldi getur margt komið uppá er veldur tjóni á bæði fiski og búnaði. Hér að neðan eru atriði sem nauðsynlegt er að gera ráðstafanir gagnvart. Athugið að listinn er ekki tæmandi. Mikilvægast af öllu er að eldismaðurinn sé ávallt á varðbergi gagnvart umhverfinu og fylgist vel með öllu óvenjulegu á eldissvæðinu.

Hafís

Sjókvíaeldi stafar veruleg ógn af hafís. Ef vísbendingar benda til komu hafíss á eldissvæði þarf að bregðast hratt við. Meta þarf hvort ísinn sé gisinn (sprangir) eða samfelldur. Ef hafísinn reynist samfelldur má búast við verulegu tjóni á búnaði. Fylgjast þarf með hafísviðvörðunum frá Veðurstofu og Landhelgisgæslunni. Reyna skal að meta væntanlega komu hafís á eldissvæðið út frá öllum tiltækum upplýsingum.

Aðgerðir

- Hætta strax allri fóðrun.
- Sé hafísinn gisinn skal reyna að verja sjókvíar með bátum. Með því að keyra báta á stærstu jakana má hugsanlega koma í veg fyrir tjón af völdum þeirra.
- Ef hafísinn er samfelldur þarf að framkvæma neyðarslátrun. Draga sjókvíar í átt að höfn og hefja samstundis neyðarslátrun með öllum tiltækum ráðum.

Lagnaðarís

Sjókvíaeldi getur stafað ógn frá lagnaðarís. Mikilvægt er að afla gagna um hugsanlega myndun lagnaðarís nálægt eldissvæði og meta mögulega hegðun á ísnum fari hann af stað. Ekki er ráðlegt að hafa eldissvæði þar sem upplýsingar benda til að reglulega fari lagnaðarís um. Myndist lagnaðarís t.d. í botni fjarða þar sem eru eldissvæði þarf að fylgjast vel með öllum veðrabreytingum. Ef hlánar með auknum vindstyrk má búast við að lagnaðarísinn geti lagt af stað út fjörðinn. Ef fyrirséð er að stór fleki af lagnaðarís sé að fara af stað út fjörðinn skal ræsa út alla tiltæka báta til að verja sjókvíaeldið.

Aðgerðir

- Hætta strax allri fóðrun.
- Sigla á lagnaðarísinn og brjóta hann upp í smærri einingar áður en hann „leggur“ af stað út fjörðinn.
- Verja sjókvíar gegn stærri flekum með því að sigla bátum á ísflekanna.

Þörungablómi

Eitraðir þörungar geta valdið verulegu tjóni í sjókvíaelði. Fylgjast þarf vel með sjóndýpi og mæla alla daga sem unnið er við sjókvíar. Sjóndýpi skal mæla með svokölluðum „sacchi“ disk. Halda skal skráningar yfir sjóndýpismælingar. Fari sjóndýpi niður fyrir 4 metra skal fylgjast vel með fiski og fódurtöku. Fari sjóndýpi niður fyrir 3 metra skal hætta allri fódrun samstundis. Ef afföll aukast samfara lækkun á sjóndýpi er hugsanlegt að kominn sé upp þörungamengun í sjókvíældinu og þá þarf að gera ráðstafanir.

Aðgerðir

- Hætta strax allri fódrun.
- Hafa samband við Dýralæknir Fisksjúkdóma og taka sjósýni af þörungum.
- Fjarlægja dauðann fisk úr netpokum eins oft og hægt er.
- Framkvæma neyðarslátrun á markaðshæfum fiski ef afföll eru orðin veruleg og ekkert lát er á afföllum.

Marglyttur

Marglyttur hafa valdið tjóni í sjókvíaelði hérlendis. Verði vart við óvenju mikið af marglyttu þarf að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón

Aðgerðir

- Hætta strax allri fódrun.
- Verja sjókvíarnar með því að strengja þéttriðið net, t.d. síldarreknnet, framan við straumstefnu á sjókvíum.
- Meta hvort þurfi að framkvæma neyðarslátranir í einhverjum sjókvíum, t.d. fremstu sjókvíunum sem eru líklegastar að verða fyrir umtalsverðu tjóni.

Afræningjar

Bæði selir og fuglar geta valdið tjóni á bæði fiski og búnaði í sjókvíaelði. Dæmi eru um að selir hafi rífið netpoka og þá geta fuglar valdið tjóni á fiski, sérstaklega seiðum og smærri fiski.

Aðgerðir

- Strengja fuglanet yfir allar sjókvíar, mögulega má sleppa sjókvíum með stærri fiski (2kg+).
- Sé mikið af skarfi á svæðinu skal koma upp grófmöskvuðu neti 300mm á milli hopnets og handriðs.
- Sé kominn skarfur ofan í netpoka skal tafarlaust aflífa fuglinn með haglabyssu. Eins er ráðlegt að skjóta með haglabyssu alla skarfa sem gera sig of heimakomna á eldissvæðinu.

- Verði vart við sel á eldisvæðinu, sérstaklega útsel, skal kalla til skyttu með reynslu af notkun á stærri rifflum.
- Kalla skal til kafara og láta yfirfara þá netpoka sem selur hefur verið að snudda við.

Slysasleppingar

Alltaf er möguleiki á slysasleppingum. Leita skal allra leiða til að koma í veg fyrir að slíkt gerist. Einungis skal nota viðurkenndann búnað og framfylgja ýrtruðu stöðlum, t.d. NS9415 varðandi frágang á eldisbúnaði. Gera þarf áætlanir um reglubundið viðhald og reglubundna skoðun á búnaði. Kafari skal yfirfara netpoka á minnst tveggja mánaða fresti og oftast ef þurfa þykir t.d. eftir brælur og miklar selaferðir. Verði vart við strok á fiski þarf að gera ráðstafanir.

Aðgerðir

- Kalla samstundis út kafara og skoða alla netpoka.
- Gera við göt á netpokum. Ef gat er það stórt að ekki sé hægt að rippa saman netið skal þurrka netpoka upp að gati og undirbúa nótaskipti.
- Leggja út net til að reyna endurheimta sem allra mest af strokufiski. Hafa samband við alla sjómenn á svæðinu og hvetja þá til að leggja út net. Útvega sjómönnum net með rétttri möskvastærð ef um verulegt magn af strokufiski er að ræða.

Óvenjuleg afföll í sjókvíum

Afföll fiska eru óhjákvæmilegur fylgifiskur sjókvíaeldis. Ekki er óeðlilegt að aukinn afföll eigi sér stað eftir t.d. eftir flutning á fiski í sjókvíar. Ef afföll hinsvegar fara hækkandi í sjókvíum sem hafa verið í eðlilegu ástandi, þá þarf að gera ráðstafanir.

Aðgerðir

- Hætta strax allri fóðrun.
- Taka samstundis sýni af nýlega dauðum fiski og senda til Dýralæknis Fisksjúkdóma.
- Fjarlægja dauðann fisk eins oft og hægt er úr netpokum.
- Meta hvort þurfi að framkvæma neyðarslátranir í einhverjum sjókvíum, t.d. ef stór fiskur er að drepast í óvenjumiklu mæli.

Fárviðri

Ofsaveður getur hæglega valdið tjóni í sjókvíaeldi. Hérlandis gerast veður oft válynd og mikilvægt að fylgast vel með veðurspám.

Aðgerðir

- Ef veðrið er vel fyrirsjáanlegt skal hætta fóðrun þar til óveðrið er yfirstaðið.
- Eftir veðurofsann skal yfirfara vel og vandlega allann eldisbúnað og láta kafara skoða alla netpoka. Festingar við niðurstöður þarf að athuga sérlega vel.

Ísing á búnaði

Of mikill ís á eldisbúnaði getur valdið tjóni. Yfir háveturinn þegar sjávarhiti er í lágmarki er nauðsynlegt að gera ráðstafnir til að koma í veg fyrir tjón.

Aðgerðir

- Útbúa teygjur þar sem hoppnet er fest við handrið.
- Ef ísing er sérlega slæm skal fella niður hoppnet.
- Berja allann ís af baulum og handriði eins oft og hægt er.

Dýrfiskur hf
Heiti á eldisstöð: Dýrfiskur
Sjókvíaeldi á regnbogasilungi í Dýrafirði


Neyðaráætlun

Samkvæmt starfsleyfi er hér er sett fram neyðaráætlun um meðferð og förgun eldisfiski ef til kemur óvænt stöðvun á rekstri eldisfyrirtækisins. Komi til skyndilegrar rekstrarstöðvunur verður meðferð á eftir ástandi fisksins og ytri aðstæðum þegar slík stöðvun verður. Eftirfarandi úrræði verða sett í gang:

- 1) Lifandi eldisfiskur –sem tekst að blóðga og kæla tímalega er seldur til manneldis – gegnum fyrirtækið Arctic Odda hf. á Flateyri eða gegnum hefðbundna söluleiðir með afurðir fyrirtækisins hjá NovoFood í Frakklandi
- 2) Dauður eldisfiskur – óblóðgaður og óskemmt hráefni fer til frystingar sem hráefni í loðdýrafóður hjá fyrirtækinu Klofningi ehf á Tálknafirði.
- 3) Dauður eldisfiskur – skemmt hráefni, sem er ekki hæft í dýrafóður, verður ekið með til næstu fiskimjölverksmiðju til mjölgerðar eða til urðunar og mun Gámaþjónusta Vestfjarða annast móttöku á lífrænum úrgangi.

6.maí 2012

Arnar Freyr Jónsson
Verkefnastjóri



Dýrfiskur hf

Heiti á eldisstöð: Dýrfiskur

Sjókvíaeldi á regnbogasilungi í Dýrafirði

Á grundvelli laga nr 33/2004 er hér sett fram viðbragðsáætlun og áhættumat vegna hættulegra efna.

Almennar upplýsingar um rekstur hjá Dýrfiski:

Sjókvíaeldi á regnbogasilungi er í Dýrafirði, seiðaeldi er í Norður Botni, Tálknafirði og vinnsla á eldisfiski fer fram í hlutdeildarfélaginu Arctic Odda hf., á Flateyri. Allt fóður sem er notað inniheldur eingögnu náttúruleg næringarefni og litarefni í fóðrinu er t.a.m. unnið úr gersvepp, Phaffia. Í samræmi við starfsleyfi er haldið grænt bókhald þar sem það á við.


Í samræmi við viðauka I B og lista í viðauka II lög nr 33 frá 2004 skulu fyrirtæki vera með viðbragðsáætlanir vegna bráðamengunar. Fyrirtækið hefur kynnt sér lista yfir hættuleg efni í umræddum lögum og er niðurstaðan sú að engin efni á listanum eru notuð við starfsemi fyrirtækisins, fyrir utan olíur og lýsi. Olíur eru notuð sem brennsluefni á báta sem þjónusta eldiskvíar, en aldrei í því magn að hætta sé á bráðamengun. Hámarks burðargeta af olíu í vinnubát er 3 tonn (Dýrfiskur ÍS-96). Lýsi er nortað í fiskafóður, sem næringarefni.

Einu líkur á að bráðamengun verði er ef skyndilegur massadauði verður á fiski í eldiskvíum. Eldissilungur inniheldur allt að 13% lýsi. Gert hefur verið viðbragðsáætlun og áhættumat vegna hugsanlegrar grútarmengunar við massadauða.

Efni	Lýsi
Magn	110 tonn (50% af hámarks lífmassa drepst)
Fjarlægð frá strönd	400-700 m
Tegund mengunar	Grútarmengun
Atvik	Eitraðir þörungar, sjávarkuldi, sjúkdómar
Forvarnir, búnaður	Eldiskvíar (28 m þvermál), eldispokar (20 metrar), lágur þéttleiki (<25 kg/m ³), verkáætlanir – mæling á sjóndýpi
Líkur á mengun	Ólíklegt A
Afleiðing	Óveruleg A
Áhætta	Óveruleg C
Viðbrögð við mengunarslysi	Dauðfiskaháfur eða Liftup búnaður notaður og atvinnukafarar sem fengnir verða eftir þörfum. Meðferð á dauðum fiski verður í samræmi við verklag fyrirtækisins. Slys tilkynnt til Umhverfisstofnunar.
Vátrygging	Skírteinis nr: 988430/0 Catlin

6.maí 2013

Arnar Freyr Jónsson
Verkefnastjóri



Dýrfiskur hf.
bt. KPMG ehf
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Kennitala: 700807-0450

Reykjavík, 9. apríl 2015

Blaðsíða 1 af 2

Frjáls ábyrgðartrygging, skírteini 1909979

Vátryggingartaki: Dýrfiskur hf.
Félagið: Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Félagið vátryggir samkvæmt ákvæðum skírteinis þessa og vátryggingarskilmálum félagsins um frjálsa ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur.

Hið vátryggða: Mengun hafs og stranda. Fiskeldi.

Vátryggingarfjárhæð: kr. 270.000.000

Eigin áhætta vegna ábyrgðartjóns 15 % þó að lágmarki kr. 90.000 og að hámarki kr. 900.000

Forsendur iðgjalds:

Z999 Mengun hafs og stranda

Vátryggingartímabil: 01.01.2015 - 01.01.2016

Vátryggingarfjárhæðir, fjárhæð eigin áhættu og iðgjalds miðast við 9. apríl 2015

Vakin er sérstök athygli á sérstökum undanþáguákvæðum vegna munatjóna í 6. gr. vátryggingarskilmála.

Sérskilmáli:

Sérskilmáli vegna bráðamengunartjóna skv. 16. gr. laga nr. 33/2004:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skilmála tekur vátryggingin til bótaskylds bráðamengunartjóns samkvæmt 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 1078/2005 þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi vátryggðs eða starfsmanns hans, enda sé um að ræða mengun hafs eða stranda sem krefst tafarlausra aðgerða.

Vátryggingin tekur jafnframt til kostnaðar af ráðstöfunum til að takmarka slíkt tjón eða skaða.

Vátryggingin gildir hvar sem er innan mengunarlögsögu Íslands.

Ábyrgð félagsins hvort sem er vegna hvers einstaks tjónsatburðar

eða samtals á vátryggingarárinu takmarkast við 1.000.000,- SDR

þrátt fyrir að annarar fjárhæðar sé getið á vátryggingarskírteini

Af hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu eins og getið er

í skírteini eða iðgjaldskvittun. Vátrygging skv. sérskilmála

þessum tekur ekki til bótaábyrgðar sem er viðtækari en eftir þeim reglum sem gilda skv. lögum nr. 33/2004.

Enda þótt vátryggingin sé fallin úr gildi, ber félagið ábyrgð

gagnvart tjónþola (þriðja manni) á hverju tjóni sem rekja má

til tjónsatvika, sem verða þar til fjórar vikur eru liðnar frá

því að félagið tilkynnti vátryggðum og Umhverfisstofnun að

vátryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi

Dýrfiskur hf.
bt. KPMG ehf
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Blaðsíða 2 af 2

Frjáls ábyrgðartrygging, skírteini 1909979

vátrygging hafi verið tekin fyrir þennan frest.

Í slíkum tilvikum á félagið ætíð endurkröfurétt á hendur vátryggðum, hafi félagið greitt bætur eftir að vátrygging hefur fallið niður.

Hafi félagið greitt bætur vegna bótaskylds bráðamengunartjóns á það endurkröfurétt á hendur vátryggðum eða hverjum þeim, sem valdið hefur tjóni með háttsemi, sem telst stórfellt gáleysi eða ásetningur, sbr. 4. gr. reglugerðar sem sett er skv. lögum nr. 33/2004.

Varúðarregla:

Vátryggður skal gera ráðstafanir í starfsemi sinni til þess að tryggja öryggi efna sem valdið geta mengun eða bráðamengun, þar á meðal fylgja kröfum laga og reglugerða á því sviði sem starfsemi hans er.

Vátryggingin gildir vegna almennrar starfsemi vátryggingartaka

Þrátt fyrir áritun á vátryggingarskírteini er

eigin áhætta vátryggðs kr. 210.000 í hverju tjóni og ber vísitöluhækkun frá 01.01.2015

Sundurliðun

Iðgjald	kr.	31.500
<hr/>		
Samtals iðgjald	kr.	31.500
Áður greitt	kr.	-15.750
<hr/>		
Eftirstöðvar	kr.	15.750
Iðgjaldið er greitt að hluta		

**Starfsleyfi fyrir
kvíaeldisstöð Dýrfisks hf.,
kt. 700807-0450,
í Dýrafirði**

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Dýrfisk hf., kt. 700807-0450, til framleiðslu á regnbogasilungi eða laxi í sjókvíum í Dýrafirði. Dýrfiskur hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri stöðvarinnar getur hann sótt um það til Umhverfisstofnunar að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 2.000 tonn samtals af regnbogasilungi eða laxi á ári í sjókvíum í Dýrafirði. Eldið skal vera staðsett innan svæðis sem tilgreint er í viðaukum 1 og 2 í starfsleyfinu.

1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færirist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir).

Besta fáanlega tækni hefur verið skilgreind í „Beste tilgjengelige teknikker for fiskeoppdrett i Norden 2005-528” skýrslu Norræna ráðherraráðsins, en samantektin „Besta fáanleg tækni (BAT) við fiskeldi á Norðurlöndum 2008-548“ er íslenskur útdráttur úr skýrslunni.

Verði breytingar á bestu fáanlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.7.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, tækjum og eignum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar og annarra hlutaðeigandi eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku starfsleyfisins. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun, sbr. ákvæði greinar 4.5, um meðhöndlun eldisfisksins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri stöðvarinnar. Tilkynna skal eftirlitsaðila strax um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

Tilkynna skal eftirlitsaðila áður en kvíar eru teknar í notkun aftur ef starfsemin hefur tímabundið legið niðri.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Endurskoðun starfsleyfis getur einnig komið til vegna meiri mengunar en gert var ráð fyrir sbr. grein 1.7.

Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna úrgangs, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

1.7 Breyttar forsendur

Ef

- i. mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins,
- ii. fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir,
- iii. breytingar verða á bestu fánlegu tækni, eða
- iv. niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun nást ekki sbr. 28. gr. laga nr. 36/2011, um stjórn vatnamála,

skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er í samráði við Umhverfisstofnun og ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlats. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999 og þegar við á, samkvæmt 28. gr. laga nr. 36/2011.

Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði

Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja á um framkvæmd úrbóta eða mælinga. Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita tilhlýðilegan frest til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik.

1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI. kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

FÓÐURGJÖF

2.1 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

VATNSGÆÐI OG LÍFRÍKI

2.2 Eldisvatn

Rekstraraðili skal sjá til þess að eldisvatnið uppfylli kröfur til fiskeldis.

2.3 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 20,0 kg /tonn af framleiddum fiski.

Þá hefur rekstraraðili heimild til að nota eldisnætur sem litaðar eru með ásætuvörnum sem innihalda koparoxíð. Heimildin er bundin skilyrði um vöktun kopars í umhverfinu skv. grein 5.1. Rekstraraðili hefur ekki heimild til að lita næturnar á eigin vegum.

Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

2.4 Flutningur eldiskvía og ráðstafanir vegna uppsöfnunar fóðurleifa

Til að hindra að uppsöfnun fóðurleifa hafi áhrif á umhverfið og heilbrigði eldisstofnsins er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. Hafa skal samráð við eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu. Halda skal starfsemi í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi og á milli kvía, þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefni, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

Þéttleiki lífmassa í kví skal ekki vera meiri en 25 kg/m³.

2.5 Lífríki og flokkun vatns

Fiskeldi má ekki valda fækkun tegunda í lífríki, sbr. þó grein 2.7. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Skilgreina skal svæði sem viðkvæmt vatnasvæði ef ástand vatns fer hrakandi vegna mannlegrar starfsemi og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. grein reglugerðar nr. 796/1999. Eigi þetta við skal meta hvort endurskoða skuli starfsleyfið, sbr. greinar 1.6 og 1.7.

2.6 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

2.7 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að kvíum.

ÚRGANGUR

2.8 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr kvíunum. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði greinar 2.9 um lífrænan úrgang.

2.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll.

Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

2.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

ANNAD

2.11 Öryggisblöð og efnanotkun

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt lögum nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Leitast skal við að skipta út efnum sem hafa skaðleg áhrif á menn og umhverfi fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaráhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunun skv. grein 4.4.

3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn og afföll,
- fódurnotkun, fódurnýtingu og fódurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sóttgreinsiefna og lyfja sem notuð eru í kvíunum,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og hvernig honum er ráðstafað,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 4.4.,
- staðsetningu kvía sem eru í notkun og framleiðslumagn á hverjum stað,
- teikningar af frárennsli frá starfsmannaaðstöðu,
- niðurstöður mælinga,
- losun næringarefna,
- tæmingu olíugilda.

3.2 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði greinar 2.5.

3.3 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald.

Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða. Heimilt er að skila skýrslunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 3.2. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felst að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins og aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum stöðvarinnar, m.a. með góðum starfsaðferðum við fódrun og notkun efna og lyfja svo og að draga úr losun þessara efna út í umhverfið.

Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

4.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 990/2005, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

4.5 Neyðaráætlun

Útbúa skal neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri. Rekstraraðili skal leggja fram drög að neyðaráætlun fyrir 15. mars 2013.

4.6 Tilkynning vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4.

4.7 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

4.8 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun er heimilt að fela tiltekna þætti heilbrigðiseftirlits faggiltum skoðunaraðilum í samræmi við heimildarákvæði í 24. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4.mgr. 7.gr. í reglugerð nr. 786/1999.

Starfsleyfi fyrir Dýrfisk hf. í Dýrafirði

Viðbótareftirlit getur meðal annars farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

4.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

5. UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Rekstraraðili skal leggja fram drög að vöktunaráætlun fyrir 15. mars 2013. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, svo sem varðandi kalkþörungur. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns. Áætlunin skal kveða á um umhverfismælingar á kopar ef rekstraraðili notar heimild til notkunar litaðra kvía í grein 2.3 og skulu mælingar hefjast fyrir 1. maí 2013.

Taka skal mið af bæklingi Umhverfisstofnunar, „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni kvíanna samkvæmt 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. eftirlitsflokk skv. lið 11c í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

Starfsleyfi fyrir Dýrfisk hf. í Dýrafirði

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 28.febrúar 2029.

Reykjavík 13. febrúar 2013

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Gunnlaug Einarsdóttir
sviðsstjóri

VIÐAUKI 2

Hnit sem afmarka eldissvæði Dýrfisks hf. sbr. viðauka 1

- 1) 65°53,460'N - 23°37,710'V
- 2) 65°53,700'N - 23°37,510'V
- 3) 65°52,990'N - 23°32,050'V
- 4) 65°52,620'N - 23°33,700'V

VIÐAUKI 3

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins er ákveðin skiladagar tilgreindir:

- Í grein 3.2 er kveðið á um að skila eigi ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert
- Í grein 3.5 er ákvæði um að skiladagar fyrir grænt bókhald og útstreymisbókhald séu samkvæmt ákvæðum viðeigandi reglugerða
- Í grein 4.5 er kveðið á um að rekstraraðili leggi fram drög að neyðaráætlun fyrir 15. mars 2013
- Í grein 5.1 er rekstraraðila gert að leggja fram drög að vöktunaráætlun fyrir 15. mars 2013
- Í grein 5.1 er ákvæði um að umhverfismælingar á kopar hefjist fyrir 1. maí 2013 ef notuð er viðeigandi heimild í grein 2.3

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

